

Ed.

417. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 19. júní 1933, um lögreglumenn.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
6. gr. laga nr. 92 19. júní 1933 hljóði svo:
Þegar sérstaklega stendur á eða ráðherra telur nauðsynlegt öryggi bæjar, að lögregluliðið sé aukið meir en segir í 1. gr., getur hann bætt við varalögreglumönnum, og greiðir þá ríkissjóður allan þann kostnað, sem leiðir af aukninginni, en þó ekki hærri fjárhæð en nemur $\frac{1}{4}$ kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði.
2. Við 2. gr. Í stað orðsins „laun“ í fyrri másl. komi: þóknun.
3. Við 3. gr.
 - a. Síðari málsgr. b-liðs (9. gr.) falli burt.
 - b. d-liður (11. gr.) orðist svo: Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna.
4. Við 4. gr. Greinin falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

Alþingi, 9. des. 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskr., frsm.